



Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

SKRG3BB07

Skrúðgarðabyggingafræði B

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson (HHH) – hordur.helgi@fsu.is Pröstur Þórssón (ÞÞ) Magnús Bjarklind (MB) Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson (GHS)
----------	---

Áfangalýsing:

Áfanginn byggir að stærstum hluta á verklegum æfingum í hellulögnum, kantsteinalögn, útplöntun, uppbindingum og öðru því sem við kemur efni áfangans þ.e. uppbyggingu garða og opinna svæða. Lögð er áhersla á val á efni til uppbyggingar og í yfirborðsfrágang með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Einnig er fjallað um lagningu snjóbræðslu og meðhöndlun gróðurs við flutning.

Undanfari: SKRG2BA04 – Skróðgarðabyggingafræði A

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Vinnuteikningum sem notaðar eru við framkvæmd hellulagna, hleðsla, og kanta.
- Helstu verklýsingum fyrir smærri verk.
- Efnum sem notuð eru til uppbyggingar grænna svæða.
- Efnum sem notuð eru til uppbyggingar hellulagna, hleðsla og kanta.
- Hvernig staðið skal að útplöntun, meðhöndlun og flutningi á lifandi efnivið s.s. trjáplöntum og runnum.
- Helstu verkþáttum við hellulagnir, hleðslur, lagningu kanta, gerð grasflata og beða.
- Þökuleggja og sá í grasflatir.
- Binda upp tré með helstu tegundum uppbindingarefna.
- Leggja einfalda snjóbræðslu.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa og skilja einfaldar vinnuteikningar og verklýsingar
- Velja viðeigandi efni í hellulagnir, hleðslur og kanta.
- Helluleggja eftir teikningu úr mismunandi tegundum af tilbúnu efni.

- Velja viðeigandi efni til uppbyggingar grænna svæða s.s. grasflata og beða.
- Byggja upp græn svæði s.s. grasflatir og beð.
- Vinna með lifandi efnivið s.s. trjáplöntur, runna, sumarblóm, fjölæringa og gras.
- Planta sumarblómum, fjölæringum, trjám og runnum.
- Binda upp tré af mismunandi stærðum með mismunandi uppbindingarefni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna eftir verklýsingum við uppbyggingu hellulagna, kantsteinslagna og grænna svæða.
- Meta þörf á snjóbræðslu og leggja einfalda snjóbræðslu á einkalóð.
- Skipuleggja flutning og útplöntun og planta út trjám, runnum, sumarblómum og fjölæringum að teknu tilliti til umhverfispáttá.
- Meta þörf á uppbindingu trjáa og annars gróðurs að teknu tilliti til veðurfars og annarra umhverfispáttá.
- Ráðleggja öðrum og velja hentug efni til uppbyggingar grasflata og beða sem henta áætlaðri notkun svæðisins.

Námsefni:

- Skróðgarðyrkja, alhliða kennslubók í skróðgarðyrkju eftir Ágústu Erlingsdóttur og Kára Aðalsteinsson.
- Ljósrit og annað efni frá kennara

Áætlun um yfirferð:

Dags	Efni tímans	Stundir	B/V	Kennari
2. jan	Farið yfir kennsluáætlun. Aðstæður skoðaðar í verknámshúsi, farið yfir síðustu sveinspróf og fyrsta verklega æfingin í hellulögnum.	8	B/V	HHH
3. jan	Fyrirlestur um hellulagnir og kantsteina.	8	B	HHH
6. jan	Lotuvika – Verklegar æfingar í grunnatriðum hellulagna og notkun á stærri sandsköfum.	8	V	HHH og þþ
7. jan	Lotuvika – Verklegar æfingar í hellulögnum, lestri teikninga og landmótun.	8	V	HHH og þþ
16. jan	Sögun og viðhald hellusaga.	8	B	HHH

17. jan	Hellusögun – æfingar í hellusögun og lestri teikninga	4	V	<i>HHH og þþ</i>
23. jan	Fyrirlestur um jarðveg og jarðvegsbætur fyrir græn svæði. Flutningur, útplöntun og uppbindingar á trjám.	8	B	<i>HHH</i>
24. jan	Útplöntun og uppbinding á trjám.	4	V	<i>HHH og þþ</i>
30. jan	Verklegar æfingar í hellulögnum, sögun, kantsteinslögnum og vinnu með gróður.	8	V	<i>HHH</i>
31. jan	Verklegar æfingar í hellulögnum, sögun, kantsteinslögnum og vinnu með gróður.	4	V	<i>HHH</i>
6. feb	Lotuvika – Áframhald á sögunaræfingum og fleiri verkefni	4	V	<i>HHH</i>
7. feb	Lotuvika – Verklegar æfingar í hellulögnum, sögun, kantsteinslögnum og vinnu með gróður.	8	V	<i>HHH</i>
13. feb	Verklegar æfingar í lagningu grassteins, plastgrinda og gúmmíhella.	8	V	<i>HHH</i>
20. feb	Uppbygging og gerð grænna svæða.	8	B	<i>MB</i>
27. feb	Snjóbræðsla - Bóklegt fyrri partinn, verklegt seinni partinn.	8	B/V	<i>HHH</i>
6. mars	Lotuvika - Skoðunarferð á Höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning auglýst síðar!	8	V	<i>HHH</i>
13. mars	Mín framtíð – Íslandsmót iðngreina			
14. mars	Mín framtíð – Íslandsmót iðngreina			
21. mars	Frágangur verkefna og þökulagning fyrir sumardaginn fyrsta.	6	V	<i>HHH og þþ</i>

Prófavikur	Bóklegt og verklegt próf		V	HHH
-------------------	--------------------------	--	---	-----

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er ekki kenndur í fjarnámi í heild sinni þar sem það er skyldumæting í alla verklega tíma nema annað sé sérstaklega tekið fram. Dagar sem eru skráðir bóklegir (B) í kennsluáætlun eru með frjálstri mætingu fyrir fjarnema.

Nauðsynlegt er að mæta vel búinn í verklega tíma. Í vinnufötum og tilbúin/n í útiveru óháð veðri. Þegar líða fer á önnina reynum við að vinna utandyra en ef það er af einhverjum ástæðum ekki mögulegt notum við verknámshúsið.

Námsmat:

- Skrifleg verkefni 40%
 - Verkefni 1. Verkefnadagbók 25%
 - Verkefni 2. 15%
- Skriflegt próf 20%
- Verklegt próf 40%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir 02.01.2025

Hörður Helgi Hreiðarsson